



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 22. september 2025

Til sveitarfélaga á Íslandi bt. sveitarstjórnar

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið. Hún er svohljóðandi:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn að Varmalandi í Borgarfirði dagana 29.-31. ágúst 2025, hvetur sveitarfélög landsins til að setja fram með skýrum hætti í aðalskipulagi hvar megi stunda landbúnað með nýskógrækt og hvar ekki. Fundurinn hvetur sveitarfélög landsins til að endurskoða aðalskipulag sitt að loknum sveitastjórnarkosningum vorið 2026 og gera það þannig úr garði að það uppfylli kröfur Skipulagslaga 123/2010 og Skipulagsreglugerðar 90/2013 með síðari breytingum. Jafnframt eru sveitarfélög hvött til að vera á varðbergi gagnvart rangfærslum í umsögnum um framkvæmdaleyfi til nýskógræktar.

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Afrit: Innviðaráðuneyti, Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Skipulagsstofnun